

SIGURJÓN RIST

MINNINGARORD

Sigurjón Rist fæddist á Akureyri 29. ágúst 1917. Hann lést í Reykjavík 15. október 1994.

Sigurjón lauk stúdentsprófi úr stærðfræðideild Menntaskólans á Akureyri 1938. Um haustið sigldi hann til Kaupmannahafnar til náms í haffræði. Stundaði hann námið veturinn 1938–1939. Vegna heimsstyrjaldarinnar sem skall á haustið 1939 varð ekki af frekara námi í haffræði. Löngu síðar nam hann vatnafræði og vatnamælingar í ýmsum löndum.

Næstu ár stundaði Sigurjón ýmis störf, þ.á m. bílaviðgerðir. Á þessum tíma tók hann líka mikinn þátt í fjallaferðum á vegum Ferðafélags Akureyrar og öðlaðist mikla reynslu í þeim. Árið 1947 hóf hann störf hjá raforkumálastjóra við vatnamælingar, sem urðu ævistarfs hans. Þar kom reynslan af bílaviðgerðunum og fjallaferðunum að ómetanlegum notum síðar.

Sigurjón Rist hóf starf sitt við vatnamælingar 2. janúar 1947. Veitti hann þeim forstöðu frá upphafi og allt þar til hann létt af starfi fyrir aldurs sakir 1987 eða í 40 ár. Með því hófst sú starfsemi sem nefnd hefur verið Vatnamælingar raforkumálastjóra og Orkustofnunar eftir að hún var sett á laggirnar 1967. Fyrstu tíu árin var hann eini fastráðni starfsmaður Vatnamælinga. Á þessum frumbýlingsárum vann Sigurjón það einstæða afrek að byggja, að heita má einsamall, upp kerfisbundnar vatnamælingar í öllum landshlutum og leggja með því undirstöðu að því víðfeðma vatnamælingakerfi sem nú spannar allt landið. Það kostaði óhemju mikla vinnu og þrautseigju með miklum og oft erfiðum ferðalögum við kringumstæður sem nútímaður eiga erfitt með að gera sér í hugarlund. Síðar fékk hann fleiri til liðs við sig og bætti þá drjúgum við mælistöðvakerfið. Þetta er afrek sem seit verður leikið eftir.

Fyrstur til að mæla rennsli vatna á Íslandi mun hafa verið norski prófessorinn Amund Helland 1881 en fyrstur til að mæla á, gagngert með virkjun í huga, var Sæmundur Eyjólfsson þegar hann mældi Elliðaárnar 18. október 1894. Vegamálastjóri annaðist rennslismæl-



ingar eftir að vatnalögin voru sett 1923 allt til 1947 er þær voru færðar í umsjá raforkumálastjóra með raforkulögunum 1946. Lítið er þó til af samfelldum rennslisröðum frá fyrstu áratugum aldarinnar.

Sigurjón var því brautryðjandi í nútímalegum vatnamælingum á Íslandi. Brautryðjendastarf hans felst í því að hann varð fyrstur til að koma á fót hér á landi samfelldum vatnamælingum. Til þess þurfa vatnshæðarmælar að vera hannaðir og byggðir til að endast áratugum

saman í íslenskri veðráttu. Sigurjón vandaði mjög til mælistöðvanna og kom á fót traustu mælistöðvakerfi sem við búum að síðan.

Starfi Sigurjóns fylgdu mikil ferðalög, þar á meðal um hálandið að vetrarlagi. Þegar hann hóf starf sitt var ferðatækni öll önnur og ófullkomnari en nú. Sigurjón undirbjó ferðir sínar vandlega og var í senn djarfur og verkár; eiginleikar sem mörgum reynist erfitt að sameina. Það fóru heldur engar svaðilfarasögur af ferðum hans í blöðum og útvarpi og lítt þurftu björgunarsveitir að hafa af þeim afskipti.

Jöklar móta í ríkum mæli rennslishætti helstu vatnsfalla á Íslandi; ekki síst þeirra sem orkumest eru. Sigurjón varð því snemma mikilvirkur í jöklarannsóknunum á Íslandi. Tók hann m.a. þátt í fransk-íslenska Vatnajökulsleiðangrinum 1951. Hann var meðal stofnenda Jöklarannsóknafélags Íslands, starfaði mikið í því og var forseti þess um skeið.

Eftir Sigurjón liggur fjöldi ritgerða, einkum í tímariti Jöklarannsóknafélagsins „Jökl“ og bækurnar „Íslensk vötn I“ sem raforkumálastjóri gaf út 1956 og „Vatns er þörf“ sem Menningarsjóður gaf út 1990. Fjalla þær báðar um vatnamælingar og vatnafræði Íslands.

Í öllum sínum störfum sýndi Sigurjón frábærar dugnað, ósérhlífni og samviskusemi. Hann átti sér vissulega góða samstarfsmenn sem hann ávallt bar mikla umhyggju fyrir. Hann gerði miklar kröfur til þeirra. En mestu kröfurnar gerði hann ávallt til sjálfs sín og hann bar jafnan sjálfur þyngstu byrðarnar.

Jakob Björnsson